



# Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Heimilisfang  
Hafnarbraut 36

Póstfang  
780 HÖFN

sími  
4582800

Bréfasími  
4781366

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnes  
801 Selfoss

Höfn, 27. september 2017

## Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingu.

Til Sýslumannsins á Suðurlandi hefur leitað Björn Jónsson, kt. 210955-5429, og óskar eftir útgáfu rekstrarleyfis vegna reksturs gististaðar, sbr. meðfylgjandi afriti af umsókninni og teikningu.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er hér með óskað eftir skriflegri umsögn varðandi umsóknina. Sýslumaður bendir á að þann 1. janúar 2017 tók í gildi breyting er gerð var á 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007, sbr. b. liður 7. gr. laga nr. 67/2016 um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 en breyting þessi felur í sér leyfisveitandi skuli leita umsagnar sveitarstjórnar sem skal í umsögn sinni staðfesta eftirfarandi atriði:

- að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála,
- að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,
- að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um,
- að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,
- að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, óskast umsögn veitt við fyrsta hentugleika og eigi síðar en 45 dögum frá móttöku bréfs þessa. Berist umsögnin ekki innan framagreinds frest er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi þrátt fyrir að umsögn hafi ekki borist.

Virðingarfyllt  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi

f.h.s.  
Egill Marteinn Benediktsson  
egillb@syslumenn.is